

---

# Aukin jarðgerð úrgangs frá steinullarverksmiðjunni á Sauðárkróki, Sveitarfélagið Skagafjörður Ákvörðun um matskyldu

---

## 1 INNGANGUR

Þann 24. ágúst 2021 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Steinull hf. um fyrirhugaða aukningu á jarðgerð úrgangs frá steinullarverksmiðjunni á Sauðárkróki, Sveitarfélaginu Skagafirði, samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, sbr. lið 11.15 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Sveitarfélagsins Skagafjarðar, Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra og Umhverfisstofnunar.

## 2 GÖGN LÖGÐ FRAM

Tilkynning til Skipulagsstofnunar: Aukin jarðgerð úrgangs frá steinullarverksmiðjunni á Sauðárkróki, með lýsingu á umfangi og ljósmyndum af vettvangi. Steinull hf.

Umsagnir um tilkynninguna bárust frá Heilbrigðiseftirliti Norðurlands vestra dags. 31. ágúst 2021 og Umhverfisstofnun dags. 16. september 2021.

## 3 FYRIRHUGUÐ FRAMKVÆMD

Áform Steinullar hf. felast í aukinni jarðgerð af steinullarúrgangi, eða meira en 500 tonnum á ári, sem mettaður er af óhertum, lífrænt niðurbrjótanlegum bindiefnum. Jarðgerð hefur farið fram á lóð Steinullar frá árinu 2009, en undir þeim stærðarviðmiðunum sem heyra undir nýsamþykkt lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021 og áður undir lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000. Áður var þessum úrgangi safnað á lóðinni og hann fluttur til urðunar. Framkvæmdin felur í sér að blanda úrganginum saman við lífræn efni og setja í hauga sem snúið er á nokkurra vikna fresti eftir hitastigi í haugnum. Áætlað hámarks magn efnis til jarðgerðar miðað við núverandi afkastagetu verksmiðju Steinullar hf. er innan við 1.000 tonn á ári. Þá er miðað við að hægt sé að auka rekstrartíma verksmiðjunnar og að skipta oftar um steinullarsíur í útblæstri þannig að losun á óhertum bindiefnum til andrúmslofts gæti orðið minni.

Jarðgerðin fer fram á lóð Steinullar hf. sem starfað hefur þar frá árinu 1985. Á lóðinni er mikið af efnishaugum og gámum með sömu ásýnd og jarðgerðin. Sigvatni eða afrennsli af geymsluplani og jarðgerðarplani er safnað í þró og það nýtt í framleiðsluferlið. Afurðin er molta sem nýta má til landmótunar eða ræktunar þar sem henta þykir. Hún hefur því bætandi áhrif á gróður og gróðurfar þar sem hún er notuð.

## 4 UMHVERFISÁHRIF

Hér er fjallað um umhverfisáhrif framkvæmdarinnar eins og þeim er lýst í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila og umsögnum umsagnaraðila.



Mælingar á loftdreifingu frá verksmiðjunni sýni að norðvestlægar áttir sem blási í átt að þéttbýlinu Sauðárkróki séu sjaldgæfar og næstu íbúðarhús séu í um 750 m fjarlægð. Samkvæmt framkvæmdaraðila er reynsla af núverandi moltugerð sú að lyktarmengun sé lítil m.a. þar sem ríkjandi vindáttir séu frá nærliggjandi byggð.

Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að þar sem áætlaður geymslustaður fyrir jarðgerðarafurðir sé við bakka Gönguskarðsár þarf að hafa í huga að Vatnshlotið Gönguskarðsá þarf að ná umhverfismarkmiðum sínum um góða magnstöðu skv. reglugerð um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun. Allt vatn skal vera í góðu eða mjög góðu vistfræðilegu ástandi og má ástand þess ekki rýrna.

Umhverfisstofnun telur afar jákvætt að rekstraraðili endurnýti úrgang sem annars færi í urðun og telur framkvæmdina ekki líklega til að hafa umtalsverð neikvæð áhrif á þá matsþætti sem stofnunin tekur afstöðu til.

## 5 SKIPULAG OG LEYFI

Framkvæmd er í samræmi við Aðalskipulag Sveitarfélagsins Skagafjarðar 2009-2021.

Rekstraraðili hefur sótt um nýtt starfsleyfi til Umhverfisstofnunar. Í núgildandi leyfi er ekki ákvæði um jarðgerð sem er að jafnaði starfsleyfisskyld hjá heilbrigðisnefnd skv. reglugerð um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Rekstraraðili hefur sótt um að jarðgerðin verði hluti af starfsleyfi Umhverfisstofnunar þar sem jarðgerðin er hluti af iðnaðarferli steinullarframleiðslunnar.

## 6 NIÐURSTAÐA

Um er að ræða aukningu á jarðgerð á afmörkuðum efnispáttum á eigin úrgangi Steinullar hf. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 11.15 í 1. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum.

### **Eðli, staðsetning og eiginleikar hugsanlegra áhrifa framkvæmdar**

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal taka mið af eðli framkvæmdar, svo sem stærð og umfangi, úrgangsmyndun, mengun og ónæði sbr. 1. tölul. 2. viðauka laga nr. 106/2000 og staðsetningu hennar svo sem landnotkun sem fyrir er eða er fyrirhuguð skv. skipulagsáætlun og þéttbýlla svæða sbr. 2 tölul. 2. viðauka laga nr. 106/2000. Einnig eiginleikum hugsanlegra áhrifa framkvæmdar einkum með tilliti til umfangs umhverfisáhrifa með tilliti til þess svæðis og fjölda fólks sem ætla má að verði fyrir áhrifum, líkum á áhrifum, tímalengd, tíðni og óafturkræfni áhrifa, sbr. 3. tölul. 2. viðauka laga nr. 106/2000.

Engar nýframkvæmdir eru fyrirhugaðar heldur er hér um að ræða nýtingu á úrgangi fyrirtækis sem hefur verið með starfsemi á viðkomandi stað síðan árið 1985. Um er að ræða nokkuð umfangsmikla jarðgerð í um 750 m fjarlægð frá núverandi íbúðarbyggð. Starfseminni mun fylgja einhver lyktarmengun en skv. mati á loftdreifingu frá athafnasvæði verksmiðjunnar eru líkur á lyktarónæði ekki miklar. Skipulagsstofnun bendir á að skv. áformum framkvæmdaraðila að notast m.a. við lífræn efni sem íblöndunarefni við jarðgerðina, hafa aðilar með reynslu af jarðgerð lífræns úrgangs, ákveðið að notast ekki við t.d. gras vegna þeirrar lyktar sem myndast í kjölfarið. Skipulagsstofnun telur mikilvægt að litið verði til reynslu annarra aðila og að auki verði sett skilyrði í starfsleyfi um verktilhögun við jarðgerðina sem miði að því að lágmarka lyktarmengun frá jarðgerðinni, s.s. að moltunni verði aðeins snúið þegar vindur standi af byggð.

Skipulagsstofnun telur að umhverfisáhrif fyrirhugaðrar framleiðsluaukningar kunni fyrst og fremst að felast í lyktarmengun á takmörkuðum tímabilum í núverandi og fyrirhugaðri byggð í nágrenninu.



Óþægindi vegna lyktar eru því bundin við afmarkað svæði og lítinn fjölda einstaklinga. Skipulagsstofnun telur að ástæða sé til að ætla að möguleg skilyrði um mótvægisáðgerðir í starfsleyfi muni draga úr eða koma í veg fyrir neikvæð áhrif framleiðslunnar m.t.t. lyktarónæðis.

#### **Ákvörðunarorð**

Á grundvelli fyrirbyggjandi gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt 14. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 13. desember 2021.

Reykjavík, 10. nóvember 2021

Jakob Gunnarsson

Jón Smári Jónsson